

Costco Wholesale Iceland ehf. (bensínstöð)  
Kauptún 2  
210 Garðabær

Reykjavík, 24. ágúst 2023  
UST202306-234/G.S.O.  
08.00

### Efni: Ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar

Umhverfisstofnun barst erindi frá fulltrúa umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar dags. 16. janúar 2023 þar sem tilkynnt var um olíuleka frá bensínstöð Costco Wholesale Iceland ehf. (hér eftir „Costco“ eða „fyrirtækið“) í Kauptúni í Garðabæ. Í kjölfarið barst stofnuninni erindi frá fulltrúa heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (hér eftir „heilbrigðiseftirlitið“) dags. 3. febrúar 2023. Í samræmi við framangreint og með vísan í 2. másl. 2. mgr. 55. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 tók Umhverfisstofnun málið til formlegrar meðferðar enda varðar það möguleg frávik þar sem til álita kemur að leggja á stjórnvaldssektir, sbr. 67. gr. sömu laga.

### Málsatvikalýsing

Í greinargerð heilbrigðiseftirlitsins vegna olíuleka frá bensínstöð Costco dags. 24. janúar 2023<sup>1</sup> kemur fram að fimmtudaginn 15. desember 2022 hafi eftirlitinu borist kvörtun frá íbúa í vesturbæ Hafnarfjarðar um að olíu- og/eða tjöruhreinsislykt bærst úr frárennsliskerfi bæjarins og inn í íbúðarhús. Þá hafi fulltrúi eftirlitsins staðfest að lykt bærst úr fráveitukerfinu. Jafnframt bárust heilbrigðiseftirlitinu fjöldi kvartana frá íbúum í vesturbæ Hafnarfjarðar. Fór þá af stað umfangsmikil leit að uppruna mengunarinnar með tilheyrandi ráðstöfunum. Að morgni 30. desember 2022 hafði fulltrúi fráveitu Garðabæjar samband við heilbrigðiseftirlitið og tilkynnir þeim að lyktin bærst að öllum líkindum frá bensínstöð Costco. Var það staðfest af fulltrúum eftirlitsins skömmu seinna. Í framhaldi af því voru skoðaðar allar þrjár olíu- og sandskiljur bensínstöðvarinnar og reyndist olían koma úr olíuskilju nr. 2, þ.e. þeirri sem tekur afrennsli af olíugeymasvæði stöðvarinnar. Þá kemur fram að við þykktarmælingu á olíu í skiljunni reyndist umtalsvert magn vera í skiljunni sem gaf til kynna að olía lækni úr henni. Í kjölfar þess var farið fram á að skiljan yrði hreinsuð þegar í stað ásamt öðrum tilheyrandi aðgerðum. Við hreinsun úr olíu- og sandskilju nr. 2 kom í ljós að skiljan var full af dísilolíu og að enn væri mikið innrennsli í hana. Við skoðun heilbrigðisfulltrúa sama dag kom einnig í ljós að sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í olíuskilju nr. 2 var óvirkur.

---

<sup>1</sup> Sjá fylgiskjal 1

Í greinargerð Costco dags. 9. febrúar 2023 var það áréttað að eldsneytisstöð fyrirtækisins hafi verið sett upp í samstarfi við alþjóðlega fyrirtækið Gilbarco Veeder-Root (hér eftir „Gilbarco”) og Costco sé með þjónustu- og viðhaldssamning við Gilbarco. Samkvæmt þeim samningi sinnir Gilbarco sólahringsþjónustu, viðhaldi og eftirliti fyrir Costco. Gilbarco hefur síðan ráðið íslenska félagið Olíudreifingu hf. (hér eftir „Olíudreifing”) til að framfylgja ofangreindum skyldum samkvæmt téðum þjónustu- og viðhaldssamningi. Í greinargerðinni eru málsatvik rakin allt frá 12. júlí 2022 þegar upp komu vandamál með eina af dælum bensínstöðvarinnar. Þar eru tíunduð samskipti milli Gilbarco og Olíudreifingar hf. um meðal annars þær bilanatilkynningar sem höfðu borist frá skynjurum bensínstöðvarinnar frá þeim tíma. Ber hér helst að nefna skráð atvik 31. ágúst 2022 þar sem kemur fram að starfsmaður Olíudreifingar hafi tengt fram hjá öryggiskerfi Gilbarco. Áfram héldu þó bilanatilkynningar að berast frá skynjurum bensínstöðvarinnar.

Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins dags. 19. apríl 2023<sup>2</sup> eru málsatvik tíunduð enn frekar. Þar kemur fram að hinn 16. nóvember 2022 hafi starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins framkvæmt reglubundið eftirlit og var niðurstaða þess að ásýnd bensínstöðvarinnar væri góð. Í eftirlitinu var olíuskilja mæld og mældist olíubræk u.þ.b. fimm sentimetrar. Þá var gerð athugasemd við að hvorki hafi verið hægt að nálgast rekstrarhandbók né viðbragðsáætlun fyrirtækisins og því hafi ekki verið hægt að sannreyna birgðabókhald né afla upplýsinga um mælingar í olíuskiljum sem reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017 gerir ráð fyrir. Einnig kemur fram að viðstaddir fulltrúar Costco hafi ekki upplýst fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins um framangreind samskipti um bilanatilkynningar milli Gilbarco og Olíudreifingar. Í skýrslunni er fullyrt að fulltrúar Costco hafi verið meðvitaðir um bilanatilkynningar þessar.

Þann 22. nóvember mældust um 50 sentimetrar af olíu í olíuskilju nr. 2 eftir að olíuskiljuviðvörðun kom fram 20. nóvember 2022, samkvæmt upplýsingum frá Costco. Var þá kallað eftir aðstoð frá Hreinsitækni ehf., sem sér um hreinsun olíuskiljunnar. Af gögnum málsins má ráða að olíuskiljan hafi aftur á móti ekki verið hreinsuð fyrr en 9. desember 2022 sökum bilunar í tækjabúnaði/hreinsibifreið Hreinsitækni ehf. Óskað var eftir aðstoð frá Olíudreifingu þann 11. desember 2022 þar sem erfitt reyndist að endurstilla viðvörðunarkerfi stöðvarinnar í framhaldi af hreinsun skiljunnar. Sérfræðingur Olíudreifingar mætti þá á staðinn þann 15. desember 2022 en gat ekki framkvæmt skoðun á tanknum sökum veðurs ásamt því að tanklokið var þakið þykkum klaka. Olíuskiljan var því hvorki skoðuð né tæmd á ný fyrr en 30. desember 2022 þegar heilbrigðiseftirlitið krafðist þess að dælubíll yrði þegar í stað kallaður til að hreinsa skiljuna en þá mældust 98 sentimetrar af dísilolíu í olíuskilju 2. Gerði heilbrigðiseftirlitið þá kröfu um að kallaðir yrðu til starfsmenn Olíudreifingar til að finna ástæður þess að svo mikið magn mældist í olíuskiljunni.

Af fyrirliggjandi gögnum málsins virðist ekki hægt að staðfesta nákvæmt magn af dísilolíu sem losnaði í fráveitu Garðabæjar og Hafnarfjarðar og þaðan í sjó út af Hraunavík. Samkvæmt skýrslu Gilbarco um atvikið var yfir 140.000 lítra misræmi milli tveggja tanka stöðvarinnar sem eigi upptök sín að rekja frá lok nóvember fram að 30. desember 2022. Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins frá 16. mars 2023 er

---

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal 2.

kveðið á um að birgðatölur fyrirtækisins hafi ekki verið nægjanlega traustvekjandi og því sé áætlað að um 110.000 - 120.000 lítrar af dísilolíu hafi lekið í fráveitukerfið.<sup>3</sup> Í athugasemdum Costco dags. 30. mars 2023 er þessu mótmælt og því haldið fram að 111.495 lítrar af dísilolíu hafi lekið úr eldsneytistönkum fyrirtækisins. Óumdeilt er því að yfir 111.000 lítrar hafi lekið út í sjó.

Aðilar virðast þó sammála um að lekinn hafi byrjað á tímabilinu milli reglubundinna eftirlita heilbrigðiseftirlitsins hinn 16. nóvember 2022 og 22. nóvember 2022 þegar það mælist 50 sentimetra þykkt af olíu í olíuskilju nr. 2. Lekinn stóð yfir þangað til 30. desember 2022. Orsök lekans mátti rekja til skemmdar á olíubarka á öðrum af tveimur dísilolíugeymum stöðvarinnar samkvæmt eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins.

Af framansögðu er ljóst að alvarleg losun olíu átti sér stað enda losnaði verulegt magn í fráveitukerfið. Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins<sup>4</sup> segir að olíulekinn hafi haft veruleg áhrif á lífsgæði íbúa á svæði fráveitunnar í Hafnarfirði þar sem olían rann um. Costco hefur þó mótmælt þeirri fullyrðingu. Þá bárust kvartanir um olíulykt til eftirlitsins þann 15. desember 2022 eins og áður hefur komið fram. Kvartanir bárust líka beint til Hafnarfjarðarbæjar. Málið var einnig til umfjöllunar í fjölmiðlum í seinni hluta desember þar sem greint var frá fjölmörgum kvörtunum og ábendingum um að fólk fyndi fyrir höfuðverk og ógleði vegna olíulyktar.<sup>5</sup> Umhverfisstofnun telur ljóst af gögnum málsins að olíulekinn hafi valdið töluverðum óþægindum fyrir fólk á svæði fráveitunnar í Hafnarfirði.

Heilbrigðiseftirlitið fundaði með fulltrúum Umhverfisstofnunar 6. febrúar 2023 þar sem farið var yfir hvernig áhrif olíulekans á umhverfi og nágrenni yrðu rannsökuð. Í framhaldinu var ákveðið að ganga fjörur frá Straumsvík að Hafnarfjarðarhöfn og athugað hvort einhver olíumengun sæist á svæðinu. Engin olíumengun var þó sjáanleg. Köfunarþjónustan var einnig fengin til að taka botngreipasýni við útrásaropið þann 2. mars 2023. Niðurstaða þeirra greininga er að dísilolíu var að finna í öllum sýnunum en þó í litlu magni.<sup>6</sup> Umhverfisstofnun telur engum vafa undirorpið að verulegt magn af olíu hafi farið út í sjó eða yfir 111.000 lítrar. Ljóst er að töluvert af kvörtunum bárust frá íbúum á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlitsins um lykt og óþægindi dögum saman.

Þá þykir það alvarlegt að olían hafi runnið í sjóinn í Hraunavík en þar liggur Hvaleyrarhöfði. Hvaleyrarhöfði og Hvaleyrarlón voru friðlýst sem fólkvangur árið 2009 sbr. 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 með það að markmiði að tryggja útivistar- og fræðslusvæði til útiveru og fuglaskoðunar. Samkvæmt 6. gr. auglýsingar nr. 397/2009 um stofnun fólkvangs Hvaleyrarlóns og Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði er óheimilt að spilla gróðri og trufla dýralíf á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar var lekinn til þess fallinn að valda tjóni á náttúru og heilsu fólks. Ef mengunarvörnum og viðhaldi þeirra er ekki sinnt reglulega og af festu má búast við tjóni á náttúru og

---

<sup>3</sup> Sjá fylgiskjal 3, bls. 2-3.

<sup>4</sup> Sjá fylgiskjal 3, bls. 4.

<sup>5</sup> Sjá frétt á Vísi frá 22. desember 2022 (<https://www.visir.is/g/20222356160d/olykt-ferjar-a-ibua-hafnarfjardar-veldur-hofudverk-ogogledi>) og á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar 28. desember 2022 (<https://hafnarfjordur.is/vegna-lyktarmengunar-a-afmorkudum-svaedum/>).

<sup>6</sup> Sjá fylgiskjal 4.

heilsu hvenær sem er í starfsemi sem þeirri sem hér um ræðir. Við skipulag og viðhald mengunarvarna þarf einnig að taka mið af staðsetningu starfseminnar, nálægð við íbúabyggð, náttúruverndarsvæði o.fl. Umhverfisstofnun telur að skort hafi á skipulag og árvekni hvað þessa þætti varðar.

### Ákvæði um mengunarvarnir

Costco er starfsleyfisskyldur rekstraraðili í skilningi laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. 6. gr. laganna sbr. viðauka IV við lög. Á þeim grundvelli er fyrirtækið handhafi starfsleyfis sem gefið var út af heilbrigðiseftirlitinu 19. maí 2017. Starfsleyfisskyldum rekstraraðilum ber m.a. að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða og starfsleyfisskilyrða settra samkvæmt þeim sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í starfsleyfi Costco kemur fram að leyfið sé gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, þar á meðal ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í starfsreglum fyrir bensínstöðvar, dags. 22. júlí 1999 eða í Fylgiskjali 1 við starfsleyfið.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, sem sett er meðal annars með heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998, skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar alla þjónustu, eftirlit og viðhald. Jafnframt segir í 1. mgr. 38. gr. sömu reglugerðar að rekstraraðili skuli halda rekstrarhandbók fyrir starfsemi hvernar bensínstöðvar sem skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Þá skal rekstraraðili skrá allt eftirlit, bilanir og meiriháttar viðhald á tækja- og mengunarvarnabúnaði í rekstrarhandbók stöðvarinnar, sbr. 2. mgr. 38. gr.

Aukin heldur kemur fram í 10. gr. fylgiskjals 1 við starfsleyfi Costco að rekstrarhandbók skuli vera á stöðinni og tiltæk í eftirlitinu. Þar skal meðal annars skrá önnur atriði sem snert geta mengunarvarnir stöðvarinnar. Einnig segir í 12. gr. fylgiskjalsins að að minnsta kosti árlega skuli draga saman niðurstöður rekstrarhandbókar og að í þeirri samantekt skuli meðal annars koma fram óhöpp á árinu og reynslu af viðbragðsáætlun, sbr. b-lið 12. gr. fylgiskjalsins.

Sem fyrr greinir var hvorki hægt að nálgast rekstrarhandbók né viðbragðsáætlun fyrirtækisins þegar heilbrigðiseftirlitið fór í eftirlit 16. nóvember 2022 og var því ekki hægt að sannreyna birgðabókhald né afla upplýsinga um mælingar í olíuskiljum. Viðvaranir úr bókhaldi geta tryggt bilanatilkynningar ef sjálfvirkir nemar í olíuskiljum virka ekki.

Í skýrslu heilbrigðiseftirlitsins, dagsett 16. mars 2023, er fullyrt að fulltrúar Costco hafi verið meðvitaðir um bilanatilkynningar þær sem borist höfðu allt frá því 12. júlí 2022.<sup>7</sup> Aftur á móti hafi bilanatilkynningarnar ekki verið færðar inn í rekstrarhandbók né voru starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins látnir vita af þeim í reglubundnu eftirliti. Costco andmælti þessu í athugasemdum sínum, dags. 30. mars. 2023 og vísaði í ljósrit af bilanaskrá stöðvarinnar sem sé aðgengileg á umræddri bensínstöð og útfyllt handvirkt. Af ljósritinu má þó dæma að bilanatilkynningarnar sem um ræðir og skiptu máli hafi

---

<sup>7</sup> Sjá fylgiskjal 3, bls. 2.

ekki verið skráðar inn í bilanaskrána. Þá var skjalið heldur ekki tiltækt í reglubundnu eftirliti samkvæmt lokaskýrslu heilbrigðis-eftirlitsins.<sup>8</sup>

Samkvæmt 30. gr. reglugerðar nr. 884/2017 skulu olúskiljur þar sem olía er afgreidd á tæki vera útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Það liggur fyrir að öryggisskynjarar voru ekki í sambandi þegar olía byrjaði að leka niður í fráveitukerfið en líkt og áður hefur komið fram varð það ljóst við eftirlit heilbrigðiseftirlitsins þann 30. desember 2022 að sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í olúskilju væri óvirkur og er það ein meginástæða þess að lekinn var ekki uppgötvaður fyrr samkvæmt lokaskýrslu heilbrigðiseftirlitsins. Þá hafði starfsmaður Olíudreifingar tengt fram hjá öryggiskerfi Gilbarco þann 31. ágúst 2022 eins og fyrr er rakið. Í eftirlitsskýrslum heilbrigðiseftirlitsins er því slegið föstu að fulltrúar fyrirtækisins sem viðstaddir voru í eftirlitinu, hafi verið grandsamir um háttsemi starfsmanns Olíudreifingar.

Í reglubundnu eftirliti þann 16. nóvember 2022 mældist fimm sentimetra þykkt af dísilólú í olúskilju nr. 2. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum heilbrigðiseftirlitsins eru það efstu vikmörk þykktarmælingar þar til þörf er á hreinsun skiljunnar. Hefði það því átt að vera tilefni til að hreinsa olúskiljuna af hálfu Costco. Samkvæmt upplýsingum frá Costco kom fram olúskiljuviðvörun í viðvörunarkerfi stöðvarinnar þann 20. nóvember 2022. Hins vegar er ljóst af gögnum málsins að þykktarmæling á olúskilju nr. 2 er ekki framkvæmd af starfsmanni Costco fyrr en 2 dögum eftir að olúskiljuviðvörun kemur fram, þ.e. 22. nóvember 2022.

Verði mengunaróhapp eða ef hættu er á slíku óhappi, skulu notendur eða rekstraraðilar viðkomandi starfsemi hefja án tafar viðeigandi aðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum mengunarinnar, sbr. 1. mgr. 59. gr. reglugerðar nr. 884/2017. Í rekstrarhandbók fyrirtækisins segir í kafla um leka, viðbrögð og þrif að alla umtalsverða leka verði að skrá og tilkynna. Þá er leki talinn umtalsverður ef hann er meiri en 50 lítrar og m.a. kemst í frárennsli.

Þykktarmæling olúskiljunnar þann 22. nóvember 2022 leiddi í ljós að um 50 sentimetra þykkt af dísilólú væri í sömu olúskilju eða um tífalt meira en mældist í henni sex dögum áður. Í athugasemdum Costco við eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins segir að tafarlaust hafi verið óskað eftir aðstoðar Hreinsitækni ehf. til að hreinsa skiljuna. Olúskilja nr. 2 var hins vegar ekki hreinsuð fyrr en 9. desember 2022. Samkvæmt greiðslureikningi frá Hreinsitækni ehf.<sup>9</sup> var 3890 lítrum af dísilólú dælt upp úr olúskilju nr. 2. Fulltrúum fyrirtækisins hefði því mátt vera ljóst að um umtalsverðan leka væri að ræða miðað við niðurstöðu þykktarmælingar sem þurfi að bregðast við umsvifalaust. Engin frekari rannsókn eða athugun af hálfu Costco virðist hafa átt sér stað í kjölfarið. Er það ekki fyrr en 30. desember 2022 sem olíulekinn er stöðvaður þegar heilbrigðiseftirlitið fór fram á það ella yrði stöðinni lokað. Samkvæmt greiðslureikningi frá Hreinsitækni ehf.<sup>10</sup> Var þá 6880 lítrum af dísilólú dælt upp úr olúskilju nr. 2. Ekki virðist sem það hafi verið vandkvæðum háð að hreinsa upp olíuna og stöðva lekann tafarlaust þann dag.

---

<sup>8</sup> Sjá fylgiskjal 2.

<sup>9</sup> Sjá fylgiskjal 5.

<sup>10</sup> Sjá fylgiskjal 6.

Ef ekki er sjálfvirk vöktun á olúskilju skal samkvæmt 2. mgr. 33. gr. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017 mæla a.m.k. mánaðarlega vökva í olúskilju. Auk þess segir í 4. mgr. áður nefndar greinar að birgðauppgjör skuli framkvæmt a.m.k. á mánaðarfresti svo og annað lekaeftirlit sem ekki er sjálfvirk. Aftur á móti þegar eftirlit fór fram 30. desember höfðu fimm vikur liðið frá því að olúskilja nr. 2 var síðast tæmd og því komið fram yfir þann tíma sem handvirk mæling hefði átt að fara fram og var því ekki farið eftir ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. áður nefndar reglugerðar. 9 Sjá fylgiskjal 5. 10 Sjá fylgiskjal 6.

Þá uppfyllti fyrirtækið ekki skyldur sínar samkvæmt 11. gr. fylgiskjals við starfsleyfi Costco því ekki var gerð skoðun á eftirlitsbrunnum lekavarna (olíuskiljum) mánaðarlega líkt og krafa er gerð um í ákvæðinu. Auk þess hefði þörf á hreinsun á olúskilju nr. 2 þann 22 nóvember 2022 átt að gefa tilefni til þess að mælingar færu oftast fram í olúskiljunni enda segir í 10. gr. fylgiskjalsins að hafa skuli reglulegt eftirlit, a.m.k. mánaðarlega, með olúskiljubúnaði og oftast ef þurfa þykir þannig að tryggt sé að hann virki eins og til er ætlast. Tekur stofnunin undir sjónarmið heilbrigðiseftirlitsins sem fram komu í skýrslu þess frá 4. janúar 2023 um athafnaleysi fyrirtækisins.<sup>11</sup> Mæling sem var framkvæmd þann 22. nóvember 2022 og leiddi í ljós 50 sentimetra þykkt af olíu í olúskilju nr. 2 hefði átt að vera vísbending um að eitthvað óeðlilegt væri í gangi þar sem olía ætti að öllu jöfnu ekki að berast frá olíugeymasvæðinu í svo miklu magni. Fyrirtækið brást þó ekki við þeirri vísbendingu. Jafnframt hefðu fjölmargar kvartanir íbúa sem fjallað var um í fjölmiðlum getað gefið tilefni til frekari viðbragða af hálfu Costco m.t.t. til annarra vísbendinga sem hér hafa verið reifaðar.

Costco er handhafi starfsleyfisins og ber því að gæta þess að starfsemin fari eftir ákvæðum þess. Í starfsleyfi fyrirtækisins kemur jafnframt fram í 23. gr. fylgiskjals 1 við starfsleyfið að forráðamaður fyrirtækisins beri ábyrgð á að stöðin starfi í samræmi við skilyrði sem þar koma fram.

### **Athugasemdir Costco**

Áform um álagningu fyrirhugaðrar stjórnvaldssektar voru tilkynnt Costco með bréfi þann 27. júní 2023. Í bréfinu var Costco gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þann 25. júlí 2023 bárust athugasemdir Costco. Costco fellst á niðurstöðu Umhverfisstofnunar um álagningu sektar en mótmælir þeirri sektarfjárhæð sem sett var fram í bréfi með áformum um álagningu stjórnvaldssektarinnar og telur fyrirtækið að fjárhæð sektarinnar eigi að vera lækkuð.

Í því samhengi nefnir Costco að við mat á sektarfjárhæð skuli líta til þess að olíulekinn hafi haft lítil sem engin umhverfisleg áhrif að öðru leyti en að olíulykt hafi fundist í Hafnarfirði. Umhverfisstofnun bendir á að vegna þess stórfellda gáleysis sem Costco sýndi af sér lak verulegt magn af dísilólíu í fráveitukerfið og til sjávar. Samkvæmt skilgreiningu 2. málsl. 6. mgr. 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er það sérstaklega tekið fram að mengun tekur einnig til ólyktar og því óumdeilt að um

---

<sup>11</sup> Sjá fylgiskjal 7.

mengun hafi verið að ræða, með vísan í umfjöllunina hér að framan um að ólykt hafi fundist víða í kjölfar lekans. Jafnframt má benda á að jarðolíuleifar á sama bili og dísilólía greindust í sjávarseti í sýnagreiningu sem var framkvæmd í kjölfar lekans.<sup>12</sup>

Costco telur jafnframt að það eigi að hafa þýðingu við mat á sektarfjárhæð að fyrirtækinu hafi verið ómögulegt að hafa áhrif á hvert olíulekinn rann á endanum, enda fór hann í frárennislagnir. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að félagið lúti ákvæðum laga um mengunarvarnir og sé meðvitað um afleiðingar þess ef þeim er ekki fylgt. Að auki bendir stofnunin á að iðnaðarsvæði og frárennislagnir liggja fyrir í skipulagi sveitarfélaga. Stofnunin telur það hluta af ábyrgð rekstraraðila að vita hvar umhverfisáhrifa getur gætt og hvaða áhrif umhverfisslys geta haft. Er það mikilvægt atriði þegar kemur að umhverfisstjórnun fyrirtækja og rekstraraðila sem geta haft í för með sér mengun.

Auk þess andmælir Costco því að starfsmenn fyrirtækisins hafi verið grandsamir um að starfsmaður Olíudreifingar hefði tengt fram hjá öryggiskerfi Gilbarco. Costco staðfestir að félagið og starfsmenn þess hafi ekki komist að lekanum fyrir en 30. desember 2022, eftir að olíulekinn og orsök hans voru uppgötvuð og rannsökuð. Costco telur þetta hafa þýðingu við mat á alvarleika brots skv. 3. mgr. 57. gr. laga nr. 7/1998 enda var félagið og starfsmenn þess sannarlega ómeðvitaðir um að kerfið hefði verið framhjá tengt og þ.a.l. um þá hættu sem því fylgdi. Umhverfisstofnun bendir á, líkt og rakið hefur verið hér að framan, að fulltrúum fyrirtækisins hefði mátt vera það ljóst löngu fyrir 30. desember 2022 að um umtalsverðan leka hafi verið að ræða miðað við þær vísbendingar sem lágu fyrir. Stofnunin telur því það vera til marks um skort á árvekni og eftirfylgni vísbendinga um leka og galla á mengunarvörum að fyrirtækið hafi ekki komist að lekanum fyrir en 30. desember 2022 miðað við þau hlutlægu viðmið sem lágu fyrir. Einnig skal tekið fram að því er slegið á föstu í lokaskýrslu heilbrigðiseftirlitins að starfsmenn Costco hafi verið grandsamir um háttsemi Olíudreifingar að tengja framhjá öryggiskerfi Gilbarco.<sup>13</sup> Í lokaskýrslu heilbrigðiseftirlitsins kemur jafnframt fram að meginástæða þess að lekinn hafi ekki uppgötvast fyrir hafi verið sú að öryggiskerfið hafi ekki virkað sem skyldi. Þá telur stofnunin að í öllu falli hafi veigamiklar vísbendingar legið fyrir sem voru til þess fallnar að varpa ljósi á aðstæður og kölluðu á tafarlaus viðbrögð fyrirtækisins.

Costco bendir jafnframt á að í 3. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 er sérstaklega kveðið á um að við mat á sektarfjárhæð skuli líta til þess hvort ætla megi að brot hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækis og að heimilt sé að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti. Bendir fyrirtækið á að það hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna lekans og það hafi því bersýnilega enga hagsmuni af brotinu. Það hljóti að hafa þýðingu við mat á sektarfjárhæð. Umhverfisstofnun hefur tekið til greina þá athugasemd Costco að við sektarfjárhæð skuli líta til þessa atriðis enda hafi félagið ekki hagnast á brotinu með beinum hætti en draga má í efa að fjárfestingar í mengunarvörnum og rekstri mengunarvarna hafi verið fullnægjandi.

Costco gerir auk þess athugasemdir við fullyrðingar Umhverfisstofnunar um að heppni hafi valdið því að olíulekinn olli ekki alvarlegu umhverfistjóni. Það sé ósannað og byggist ekki á hlutlægum viðmiðum

---

<sup>12</sup> Sjá fylgiskjal 4.

<sup>13</sup> Sjá fylgiskjal 2, bls. 2.



eða niðurstöðum. Að mati Costco er það óvarlegt að byggja ákvörðun um sektarfjárhæð á meintu umfangi, áhrifum og inntaki heppni. Að mati Umhverfisstofnunar var lekinn til þess fallinn að valda tjóni á náttúru og heilsu fólks. Ef mengunarvörnum og viðhaldi þeirra er ekki sinnt reglulega og af festu má búast við tjóni á náttúru og heilsu hvenær sem er í starfsemi sem þeirri sem hér um ræðir. Við skipulag og viðhald mengunarvarna þarf einnig að taka mið af staðsetningu starfseminnar, nálægð við íbúabyggð, náttúruverndarsvæði o.fl. Umhverfisstofnun telur að skort hafi á skipulag og árvekni hvað þessa þætti varðar

Costco bendir einnig sérstaklega á að samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 ber við ákvörðun sektarfjárhæðar að líta til samstarfsvilja hins brotlega. Costco telur með öllu ljóst að félagið hafi sýnt fullan samstarfsvilja í rannsókn málsins, enda hafi Costco lagt fram ítarleg gögn og upplýsingar strax og upp komst að lekinn hefði orðið, og vikurnar og mánuðina á eftir. Costco hafi upplýst án nokkurra undanbragða um magn olíu sem lak frá eldsneytisstöð félagsins. Umhverfisstofnun tekur undir athugasemd að hluta enda hafi fyrirtækið vissulega sýnt samstarfsvilja í samskiptum við stofnunina. Í skýrslum heilbrigðiseftirlitsins kemur aftur á móti fram að á fyrri stigum málsins bárust svör seint og örðuglega gekk að fá upplýsingar frá fulltrúum fyrirtækisins.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun ber að taka ákvörðun um hvort leggja skuli stjórnvaldssekt á Costco vegna brota á ákvæðum um mengunarvarnir sem hér hafa verið reifuð sbr. 8. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

Í 40. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að rekstraraðilar, sbr. viðauka I-IV með lögunum, skuli tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr. sömu laga.

Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Umhverfisstofnun telur að verulega hafi skort á frumkvæði, vöktun og viðbragð af hálfu rekstraraðila vegna ofangreinds olíuleka.

Stofnunin telur að stjórnvaldssekt sé eina úrræðið sem hér sé hægt að beita í máli þessu og lítur svo á að heilbrigðiseftirlitið nái ekki því markmiði sem að er stefnt með því að beita vægara þvingunarúrræði úr XVII. kafla laga nr. 7/1998 enda hefur brotið nú þegar átt sér stað. Umtalsvert magn af olíu hefur þegar runnið út í umhverfið og verður ekki endurheimt.

Við ákvörðun á fjárhæð sektar ber að líta til meðal annars alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða, sbr. 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998.



Þá þarf einnig að líta til ákvæðis 6. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 sem leggur þá skyldu á Umhverfisstofnun að beita stjórnvaldssektum óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Stofnunin telur að Costco hafi sýnt af sér stórfelld gáleysi með alvarlegu athafnaleysi, frá því að olíuskilja nr. 2 er mæld 22. nóvember 2022 og þar til að olíulekinn uppgötvast þann 30. desember 2022, með því að fylgja ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir, með vísan í umfjöllunina hér að framan. Gáleysi Costco leiddi jafnframt til þess að a.m.k. 111.000 lítrar af dísilolíu losnuðu út í fráveituna og þaðan út í sjó.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir athugasemdir Costco sem bárust í kjölfar áformsbréfs og tekið þær til greina við ákvarðanatöku í málinu. Umhverfisstofnun fellst að hluta til á athugasemdir Costco um upphæð stjórnvaldssektarinnar.

**Í ljósi alvarleika brotsins og skorti á árverkni ákveður Umhverfisstofnun því að leggja á stjórnvaldssekt, að fjárhæð 20.000.000 kr. á Costco Wholesale Iceland ehf. vegna brota á ákvæðum um mengunarvarnir, sbr. 8. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun stofnunarinnar um álagningu stjórnvaldssektar er endanleg á stjórnslustigi sbr. 8. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998. Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og er málshöfðunarfrestur þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

Vakin skal athygli á því að ákvörðun þessi um stjórnvaldssekt verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin sbr. 6. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir  
*forstjóri*

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
*sviðsstjóri*